

Menntastefna Skaftárhrepps 2016-2020

Fræðslunefnd skipaði vinnuhóp 13. desember 2011 til að vinna að menntastefnu fyrir Skaftárhrepp samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Eftirfarandi aðilar áttu fulltrúa í vinnuhópnum; kennarar Kirkjubæjarskóla, foreldrafélag Kirkjubæjarskóla, Heilsuleikskólinn Kæribær, foreldrar leikskólabarna auk tveggja fulltrúa fræðslunefndar.

Við undirbúningsvinnuna studdist hópurinn við lög og reglugerðir um starf og umhverfi leik- og grunnskóla sem og aðalnámskrár og skólanámskrár. Skaftárhreppur er aðili að byggðasamlagi um Félags- og skólaþjónustu með Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra en þar starfa kennsluráðgjafar grunnskóla, sálfræðingur, kennsluráðgjafi leikskóla, talmeinafræðingur og náms- og starfsráðgjafi. Hlutverk skólaþjónustunnar er m.a. að sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskólum, veita ráðgjöf til foreldra, kennara og og annars starfsfólks skóla.

Menntastefnan byggir m.a. á niðurstöðum SVÓT greininga menntastefnuhópsins sem unnin var á vormánuðum 2013 með starfsmönnum grunn- og leikskóla ásamt niðurstöðum rafrænnar könnunar sem send var út til foreldra. Drög að stefnunni voru einnig lögð fyrir rýnihóp í júní 2016 og voru að lokum kynnt á íbúafundi í janúar 2017. Menntastefnan var samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 21. júní 2017

Til hvers að móta menntastefnu?

Stefna felur í sér að finna leiðir til að móta og ná framtíðarsýn. Menntastefna snýst fyrst og fremst um að skapa stuðning við kjarnastarfsemi, auka þekkingu og hæfni kennara, þátttöku nemenda, bæta inntak náms og tryggja jafnt aðgengi.

Hverjir tilheyra menntasamfélaginu og hvert er hlutverk þeirra?

Menntasamfélaginu í Skaftárhreppi tilheyra; Kirkjubæjarskóli á Síðu, Heilsuleikskólinn Kæribær, Tónlistarskóli Skaftárhrepps, dreif- og fjarnám og æskulýðs- og tómstundastarf

Hlutverk menntasamfélagsins

- Er að auka þekkingu, færni og sjálfstraust í leik og starfi
- Auka möguleika íbúa til að sækja sér þá menntun sem þeir kjósa
- Efla áhuga og hvetja til þátttöku í samfélaginu
- Að stuðla að samstarfi og samvinnu innan og utan menntasamfélagsins
- Stuðla að heilbrigðum lífsháttum og lífsgæðum

Menntastofnanir sem sinna málefnum barna að 18 ára aldri skulu ávallt gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gildi sem á að vinna eftir

Gildi eru kjörorð sem lögð eru til grundvallar og eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi og samskiptum.

Vinnuhópur menntastefnunnar sammæltist um að leiðarljós Kirkjubæjarskóla endurspegluðu vel gildi menntastefnunnar en þau eru kærleikur, bjartsýni, samvinna.

Kærleikur: Áhersla á að kennarar, nemendur og starfsmenn menntastofnana komi vel fram hvert við annað og að framkoma þeirra einkennist af kærleika, vinsemd, virðingu og væntumþykju.

Bjartsýni: Áhersla á bjartsýni, jákvæðni og umburðarlyndi þar sem samferðamenn leitast við að hvetja hvert annað til dáða. Metnaður okkar felst í því að mæta nýjum kröfum og standast þær væntingar sem gerðar eru til þeirra sem leiða framsækið menntastarf.

Samvinna: Áhersla er á samvinnu og samstarf milli nemenda, kennara og starfsfólks menntastofnana. Lögð er áhersla á virkt samstarf við grenndarsamfélagið með það í huga að efla og bæta menntastarfið. Starfsmenn og aðstandendur skulu ávallt koma fram fyrir hönd menntasamfélagsins sem samstilltur hópur sem ber hag menntunar í Skaftárhreppi fyrir brjósti.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn felur í sér takmarkið sem stefnt er að. Til að ná takmarkinu eru svo skilgreind mælanleg megin- og áfangamarkmið.

- Fræðslustofnanir Skaftárhrepps hafi yfir að ráða hæfu starfsfólki með góða menntun.
- Framboð og aðgengi að námi verði óháð aldri, kyni og uppruna.
- Samkennd einkenni skólastarfið.
- Menntun í Skaftárhreppi beri vott um metnað, vinnusemi og vellíðan í heilbrigðu og öruggu umhverfi og feli í sér tækifæri til þróunar.
- Nemendur fái tækifæri til að þjálfa og auka færni sína hvort sem er á sviði bóknáms-, verklegra- eða tæknigreina. Nemendur hafi gott bókvit, verkvit, tæknilæs og hafa sjálfstraust til að takast á við krefjandi verkefni.
- Nemendur verði hvattir til að sýna frumkvæði og takast á við krefjandi verkefni
- Víðtækt samstarf er á milli skólastiga – nemendur hafa gott aðgengi að fjar- og dreifnámi
- Stuðlað verði að andlegu- og líkamlegu heilbrigði í skólastarfi
- Fræðslustofnanir í Skaftárhreppi vinni samkvæmt umhverfis- og heilsustefnu með sjálfbærni að leiðarljósi.

Markmið

Kennsla, samstarf og samvinna

Í menntasamfélaginu verði starfandi fagaðilar með góða menntun sem hafa tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Að samvinna verði á milli skólastiga og unnið verði að því að samþætta starfið eins og kostur er. Samstarf verði virkt t.d. við skólaþjónustu og aðra sérfræðiþjónustu. Aðstaða til dreif- og fjarnáms verði ávallt í boði. Aðgengi fyrir fatlaða til náms verði tryggt, húsnæði hentugt og standist kröfur.

Áfangamarkmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaáætlun
Meirihluti starfsfólks sé með fagmenntun	Lausar stöður auglýstar á áberandi hátt.	Forstöðumenn fræðslustofnana	Eftir því sem við á.
Áhersla á sí- og endurmenntun	Sí- og endurmenntunaráætlun gerð fyrir hverja stofnun	Fræðslunefnd, íprótta- og æskulýðsnefnd, forstöðumenn stofnana og sveitarstjóri.	Á hverju hausti
Aðbúnaður til kennslu sé ásættanlegur á hverjum tíma.	Yfirfara búnað og gera áætlun um endurnýjun/viðhald	Forstöðumenn fræðslustofnana	Á hverju hausti
Aðgengi fyrir fatlaða	Parfaggreining á skólahúsnæði	Sveitarstjórn/sveitarstjóri	2016
Aðgengi að sérfræðiþjónustu	Reglulegir samráðsfundir	Forstöðumenn fræðslustofnana	Á hverju hausti
Samvinna fræðslustofnanna við foreldra og heimili.	Áætlun gerð um reglulegt samráð, upplýsingaflæði og þátttöku foreldra og heimila.	Forstöðumenn fræðslustofnana, foreldafélög/fulltrúar foreldra.	Á hverju hausti

Nám

Allt skólastarf og markmið kennslu fylgi Aðalnámsskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla á grundvelli laga um viðkomandi skólastig. Tryggt verði einstaklingsmiðað nám og sérkennsla eftir þörfum. Námsframboð og kennsluhættir verði ávallt fjölbreyttir og möguleikar til kennslu verkgreina góðir. Nemendur hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöf og verði hvattir til að nýta þá þjónustu.

Áfangamarkmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaáætlun
Einstaklingsmiðað nám.	Einstaklingsnámsskrá lögð til grundvallar námi og kennslu nemenda með skilgreind frávík.	Forstöðumenn fræðslustofnana og ráðgjafar Félags- og skólalþjónustu eins og við á	Eftir þörfum.
Námsframboð valgreina taki mið af áhugasviði og stöðu einstaklinga.	Kannað með spurningalistum	Forstöðumenn viðeigandi stofnana og fræðslunefnd	Á hverju hausti
Nemendur fá góðar upplýsingar um náms og starfsval	Vísindaferð grunnskóla, heimsóknir nemenda í fyrirtæki, framhaldsskóla o.s.frv. Kynningar á námsframboði stofnanna sem sinna fjar- og dreifnámi. Aðgengi að náms- og starfsráðgjafa eftir þörfum.	Sveitarstjórn, fræðslunefnd og félags- og skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.	Á hverju vori
Aðgengi sé tryggt að félags- og skólalþjónustu	Skipulagðar heimsóknir á vegum þessara aðila og kynning á þeim fyrir foreldra	Forstöðumenn fræðslustofnana, sveitarstjórn og sveitarstjóri	Á hverju hausti.
Stuðla að markvissu forvarnarstarfi	Aukið samstarf við skólaheilsugæslu og lögreglu. Vinna að gerð forvarnarstefnu.	Íprótta- og æskulýðsnefnd og Íprótta- og tómsfundafulltrúi	2019

Jafnrétti

Hlúa að margbreytileika mannlífsins, stuðla að góðum samskiptum með fræðslu og að börn og unglingar starfi án aðgreiningar. Allir eiga jöfn tækifæri til náms óháð líkamlegri og andlegri getu og þroska, kyni, kynhneigð og þjóðerni. Velliðan allra barna og nemenda skal tryggð í skólunum og allir nemendur fái hvatningu til náms í samræmi við þroska, áhuga og uppruna.

Áfangamarkmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaáætlun
Þekking hjá fræðslustofnunum til að sinna öllum nemendum	Unnið í tengslum við sí- og endurmenntunaráætlun	Forstöðumenn fræðslustofnana og starfsmenn	Á hverju hausti
Jafnréttisáætlun sé til hjá fræðslustofnunum og þær uppfærðar	Vinna jafnréttisáætlun	Forstöðumenn fræðslustofnana, sveitarstjóri og sveitarstjórn	Uppfæra áætlanir í byrjun hvers kjörtímabils.
Starfsfólk menntasamfélagsins tileinki sér fjölmenningarlegt viðhorf	Tengt sí- og endurmenntunaráætlun. Starfsfólk sækir námskeið og fái viðeigandi fræðslu	Fræðslunefnd, Forstöðumenn fræðslustofnana og starfsmenn.	Árlegt
Tryggja upplýsingaflæði sérfræðiþjónustu, og skólaheilsugæslu eftir því sem við á.	Nemendaverndarráð grunnskólans komi saman a.m.k einu sinni á hvorri önn. Unnið sé að því að upplýsa um tilgang ráðsins.	Skólastjóri Kirkjubæjar skóla	Á hverju hausti

Skólabragur

Skólabragur hefur afgerandi áhrif á andlega og líkamlega heilsu nemenda og starfsfólks. Hann endurspeglar ríkjandi viðmið, markmið, gildi samskipti, kennslu, og starfs- og stjórnunarháetti.

Velliðan og tilhlökkun til að takast á við verkefni einkenni daglegt starf. Stuðlað er að heilsueflandi vinnu og starfsumhverfi. Unnið er markvisst að því að mynda vináttubönd og stuðla að samkennd.

Áfangamarkmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaáætlun
Lifandi félagsstarf	Vel skipulögð starfsemi félagsmiðstöðvar, skólafélag, foreldrafélag o.fl.	Íþrótta- og æskulýðsnefnd, íþrótta- og tómskundafulltrúi, foreldrafélög. Skólastjóri og nemendafélög	Á hverju hausti.
Markvisst stuðlað að því að nemendur bindist vináttuböndum	Með skipulögðu hópa- starfi, hópefli og samvinnu við foreldra- samfélagið	Forstöðumenn skólastofnanna, umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur	Á hverju hausti
Tekið sé markvisst á félagslegum vanda einstakra nemenda	Eineltisáætlun sé til staðar bæði fyrir einstakar stofnanir og sveitarfélagið í heild. Kallað sé til fagfólk í samskiptum ef á þarf að halda.	Fræðslunefnd, forstöðumenn fræðslustofnana og sveitarstjóri	2018
Að starfsfólk fræðslu- stofnanna og foreldrar séu góðar fyrirmyndir	Að skólareglum sé framfylgt	Forstöðumenn fræðslustofnana	Alltaf í gangi
Markvisst unnið að því að auka félagsfærni og sjálfstraust	Með sjálfstyrkingarnám- skeiðum og fræðslu	Fræðslunefnd og forstöðumenn fræðslustofnana, foreldrafélag, íþrótta- og æskulýðsnefnd.	Á hverju hausti
Stuðlað að heilsusamlegu lífverni	Mötuneyti vinni sam- kvæmt næringarleiðbein- ingum landlæknis. Allir séu hvattir til að hreyfa sig minnst 60 mínútur á dag.	Fræðslunefndir, forstöðumenn fræðslustofnana, íþrótta- og tómskundafulltrúi og mötuneyti.	Alltaf í gangi.
Skólar séu með virka heilsustefnu	Grunnskóli setji sér heilsustefnu	Fræðslunefnd og forstöðumenn fræðslustofnana	2019

Aukin umhverfis- og náttúruvitund

Menntasamfélagið stuðli markvisst að aukinni umhverfis- og náttúruvitund nemenda og starfsmanna og móti sér umhverfisstefnu. Sorp verði flokkað og bæði nýting og endurnýting höfð að leiðarljósi. Menntastofnanir í Skaftárhreppi búa við mikla nálægð við náttúruna sem bæði er auðlind og sérstaða. Skaftárhreppur er bæði hluti af Kötlu jarðvangi og Vatnajökulspjóðgarði sem hafa mikla þekkingu á umhverfis- og náttúruvernd og vinna m.a. að því að útbúa náttúrutengt kennsluefni. Mikilvægt er að samstarf sé haft við starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs og Kötlu jarðvang til að njóta leiðsagnar þeirra og sérþekkingar.

Áfangamarkmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaáætlun
Flokkun sorps	Sorp er flokkað markvisst innan fræðslustofnanna	Forstöðumenn fræðslustofnana	2017
Fræðsla fyrir nemendur og starfsfólk.	Fyrirlestrar og fræðsluefni.	Fræðslunefnd, forstöðumenn stofnanna, sveitarstjóri.	Á hverju hausti
Framboð á námsefni	Samstarf við Vatnajökulspjóðgarð og Kötlu jarðvang.	Forstöðumenn stofnanna.	2018
Grunnskóli setji sér umhverfisstefnu	Komið verði á fót vinnuhópi innan skólans.	Skólastjóri	2019

Eftirfylgni

Endurskoðun menntastefnunnar er á ábyrgð sveitarstjórnar og skal hún endurskoðuð í það minnsta í upphafi hvers kjörtímabils. Menntastefnan er lifandi framtíðarsýn menntasamfélagsins í Skaftárhreppi. Til að meta árangur menntastefnunnar skulu forstöðumenn fræðslustofnana leggja árlega fyrir viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsfólks og foreldra. Niðurstöður þeirra kannana munu verða hafðar til hliðsjónar við endurskoðun menntastefnunnar.